

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2018 –Fundargerð
Haldinn á Reykjavík Natura, Reykjavík 22. mars 2018 kl. 17:15

Ólafur H. Jónsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur, skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt sjóðsins vera boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til sjóðfélaga sem var sent út með yfirlitum þann 14. febrúar sl. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 2. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 3. mars 2018.

Samkvæmt ofangreindu er fundurinn löglega boðaður og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2017 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins.

1 Skýrsla stjórnar

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar

Skýrsla stjórnar er með fjölrítuðum ársreikningi og ræða Ólafs H. Jónssonar er fylgiskjal með fundargerðinni.

Ólafur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári. Ársins 2017 verður minnst vegna þess að gjaldeyrishöft, sem sett voru á í kjölfar efnahagshrunsins 2008, voru afnumin í mars sem gjörbreytir möguleikum lífeyrissjóða og annarra fjárfesta til eignastýringar og áhættudreifingar. Sjóðurinn telur að það sé forgangsmál að auka áhættudreifingu í ávöxtunarleiðum með erlendum fjárfestingum. Vægi erlendra hlutabréfa er lægra í öllum söfnum en fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að markmiði um eignasamsetningu verði náð á næstu fjórum til sex árum.

Í samræmi við þessa stefnu varði sjóðurinn 5,9 milljörðum til erlendra fjárfestinga á árinu eða um helmingi af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Sögulega verður ársins 2017 minnst sem eins af betri árum í rekstri sjóðsins vegna góðrar ávöxtunar. Síðustu fimm ár hafa líka verið sjóðnum mjög farsæl og má sem dæmi nefna

að fimm ára meðalraunávöxtun samtryggingarsjóðs er 4,9% og Ævisafns II er 4,6%. Langtímaávöxtun sjóðsins er góð en frá árinu 1990 hefur raunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,6% á ári að jafnaði eða um 1 prósentustigi yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Á sama tíma var meðalraunávöxtun Ævisafns II að jafnaði 4,1% á ári. Ýmislegt bendir þó til þess að ávöxtun lífeyrissjóða og annarra fjárfesta verði lægri á næstu árum en verið hefur.

Þá vék Ólafur að lánveitingum til sjóðfélaga en á árinu 2017 voru ný útlán til sjóðfélaga samtals 10,8 milljarðar sem er það mesta sem sjóðurinn hefur lánað á einu ári. Er þetta svipuð þróun og hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum. Frá árinu 2014 hefur verið veruleg auknin í útlánum til sjóðfélaga en síðustu tvö ár hefur orðið alger sprengja í útlánum. Þessi þróun endurspeglar þá breytingu sem orðið hefur á húsnæðislánamarkaði. Íbúðalánasjóður er ekki lengur stærsti lánveitandi húsnæðislána til einstaklinga, það hlutverk hefur færst til lífeyrissjóða og fjármálastofnana. Sjóðfélagalán eru góður eignaflokkur að mati sjóðsins.


Þá vék Ólafur að breytingum á lögum og reglugerðum sem gerðar voru á árinu 2017 og höfðu nokkur áhrif á starfsemi sjóðsins. Þann 1. apríl 2017 tóku gildi lög um fasteignalán til neytenda. Markmið laganna er að tryggja neytendavernd við kynningu, ráðgjöf, veitingu og miðlun fasteignalána til neytenda. Lögin kveða með enn sérhæfðari hætti en áður um hvernig standa á að lánveitingum fasteignalána til neytenda og er meðal annars lögð rík upplýsinga- og leiðbeiningarskylda á lánveitendur.

Ný lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 2017. Nokkrar breytingar eru gerðar á eignaflokkum (magntakmörkun) og einnig á hámarksvægi útgefenda (mótaðilaáhætta). Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins voru innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögnum. Ný reglugerð nr. 591/2017 um breytingar á reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar hefur tekið gildi. Í meginráttum er reglugerðin lítið breytt en í henni eru meðal annars viðbætur um hvernig fjárfestingarákvarðanir eru teknar, um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum og fleira. Ný fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins sem tekur mið af breyttum lögum og reglugerð var samþykkt af stjórn í nóvember 2017.

Í júlí 2017 tók gildi reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017 sem kveður á um framkvæmd áhættustýringar hjá lífeyrissjóðum. Vegna reglugerðarinnar samþykkti stjórn sjóðsins nýtt eftirlitskerfi með áhættu í desember 2017 sem inniheldur skipulag innra eftirlits, niðurstöður eigin áhættumats, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

Á yfirstandandi ári er unnið að því að innleiða væntanleg ný lög um persónuvernd sem fellur undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf og kemur til framkvæmda þann 25. maí í Evrópu. Vernd persónuupplýsinga er talin hluti af EES-samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt.

Ólafur gerði grein fyrir því að þann 1. júlí næstkomandi hækkar iðgjald á almennum vinnumarkaði úr 14% af launum í 15,5% og verður þetta þriðji og síðasti áfanginn í hækkun iðgjalda sem samið var um á árinu 2016. Frá því samið var um þessar breytingar hafa aðilar vinnumarkaðarins kallað eftir því að lágmarksiðgjald samkvæmt lögum verði hækkað úr 12% af launum í 15,5% og er markmiðið að allir vinnandi landsmenn greiði sama iðgjald í lífeyrissjóð.



Ólafur gerði grein fyrir því að í nokkur ár hefur verið rætt um að breyta forsendum við útreikning á skuldbindingum samtryggingarsjóða og miða dánar- og eftirlífendatöflur við spár um lengri meðalævi í stað þess að byggja á sögulegum gögnum. Tilgangurinn með þessum breytingum er að réttindaútreikningar verði raunhæfari en undanfarna áratugi hefur meðalævi jafnt og þétt verið að lengjast. Samkvæmt tillögu tryggingastærðfræðings hefur stjórn Almenna samþykkt að taka í notkun nýjar réttindatöflur frá og með 1. apríl næstkomandi sem verða kynntar á þessum ársfundi. Vegna þeirra munu framtíðarréttindi, þ.e. réttindi sem sjóðfélagar mun ávinna sér í framtíðinni með greiðslu iðgjalda, lækka um 2,5% til 4,9%.

Ólafur gerði grein fyrir því að í desember sl. hafi sjóðurinn opnað endurnýjaða heimasíðu Markmiðið með nýja vefnum er að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Ólafur gerði grein fyrir því að á árinu 2017 hafi Fagtímaritið European Pensions valið Almenna lífeyrissjóðinn sem lífeyrissjóð ársins 2017 í Evrópu. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að Almenni sé „framúrskarandi í þjónustu sinni við sjóðfélaga og hafi sjóðfélaga og þjónustu við þá í forgangi í allri starfsemi sinni“.

Ólafur gerði grein fyrir því að Stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Frá síðasta ársfundi hefur stjórnin fundað 15 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina eða afgreiða mál milli funda.

Ólafur þakkaði meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Ástríðar Jóhannesdóttur og Huldu Rósar Rúriksdóttur í stjórn auk Péturs Þorsteins Óskarssonar, varamanns. Ástríður gefur ekki kost sér áfram og þakkaði Ólafur henni fyrir vel unnin störf í stjórn sjóðsins. Ólafur þakkaði sjóðfélögum fyrir samskipti og samstarfið á liðnu ári. Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir og lagði til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlíð 1-3.

2 Ársreikningur 2016 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársskýrsluna og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum www.almenni.is.

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 24,0 ma.kr. á árinu eða um 13,0%, úr 184,9 ma.kr. í 208,9 ma.kr. í lok síðasta árs.
- Séreignarsjóður stækkaði um 12,7% úr 96,6 ma.kr. í 108,9 ma.kr. í lok árs 2017. Samtryggingarsjóður stækkaði úr 88,3 ma.kr. í 100,0 ma.kr. í lok árs 2017 eða um 13,3%.
- Heildariðgjöld jukust um 12,2%, þar af jukust lágmarksiðgjöld um 15,3% og viðbótar-
iðgjöld um 6%.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu 1,8 ma.kr. og jukust um 228 m.kr. á milli ára eða 15%. Ellilífeyrir jókst um 16%.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 3,0 ma.kr. og hækkuðu um 206 m.kr. milli ára eða 8%.

- Rekstrarkostnaður nam 563 m.kr. og var í takt við áætlun. Rekstrarkostnaður í fjárhæðum hefur verið að hækka en í hlutfalli af heildareignum hefur hann verið að lækka.
- Gunnar vakti athygli á nýrri skýringu 18 í ársreikningnum en í henni er ítarleg sundurliðun á áætluðum og reiknuðum fjárfestingagjöldum.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. af Vigfúsi Ásgeirssyni og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Niðurstaða úttektarinnar er að áfallnar skuldbindingar eru 2,2% hærri en eignir, að verðmæti framtíðarskuldbindinga er 3,1% meira en núvirði framtíðariðgjalda. Heildarstaða er neikvæð um 4,3 m.kr. eða 2,6%. Tryggingafræðileg staða batnaði um 1,6 prósentustig milli ára. Áfallinn staða og heildarstaða sjóðsins er innan vikmarka sem lög kveða á um. Tryggingastærðfræðingur hefur lagt til að breytingar á réttindatöflum til að bregðast við neikvæðri framtíðarstöðu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Gunnar fór yfir þróun á skuldbindinga á árinu 2017.

Að lokum þakkaði Gunnar stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og þá sérstaklega Ástríði Jóhannesdóttur sem gengur úr stjórninni núna. Gunnar þakkaði einnig starfsfólki sjóðsins fyrir vel unnin störf á árinu.

3 Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins **Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir 2018 sem var samþykkt undir lok árs 2017.

Sjóðfélagar geta valið um sjö ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu.

Kristjana vék að ávöxtun ársins 2017 en raunávöxtun eignasafna Almenna lífeyrissjóðsins var á bilinu 1,9% til 7,9% en nafnávöxtun var á bilinu 3,7% til 9,8%. Raunávöxtun eignasafnanna síðustu 5 ár er á bilinu 2,0% til 4,9%. Farið var yfir ávöxtun eignaflokka fyrir árið 2017 ásamt greiningu innlendra skuldabréfa sjóðsins en 45% af eigninni er í ríkisskuldabréfum og 28% í sjóðfélagalánum. Farið var yfir atvinnuvegaskiptingu á innlendri hlutabréfaeign sjóðsins en sjóðurinn á samtals í um 40 félögum. Að lokum var farið yfir skiptingu á erlenda safninu en stærstur hluti safnsins er í skráðum hlutabréfum eða 87%.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir.

Oddgeir Ottesen, spurðist fyrir um það hver væri tryggingafræðileg staða sjóðsins væri ef notaðar væru nýjar lífslíkur, þ.e. ef gert væri ráð fyrir að lífslíkur myndu halda afram að hækka. Gunnar svaraði að ekki væri til úttekt m.v. þær forsendur en m.v. álagspróf sem framkvæmt var af tryggingafræðingi og gerði ráð fyrir hliðrun um 2 ár í lífslíkum yrði tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæðu um 10%. Breytingar á lífslíkum koma frekar illa út fyrir sjóðinn þar sem viðmiðunarlundur sjóðsins er hærri en hjá flestum sjóðum.

Leifur Björnsson, spurðist fyrir um hlutfall örorkulífeyris hjá Almenna í samanburði við aðra lífeyrissjóði en hlutfallið er rúmlega 8%. Vigfús svaraði og taldi hlutfallið væri tölvert hærra hjá í öðrum sjóðum.

Kristján Davíðsson, spurðist fyrir um það af hverju það væri gert ráð fyrir 4-6 árum í að aðlaga erlendir eignir sjóðsins að fjárfestingastefnu, þ.e. af hverju það væri ekki fjárfest hraðar í erlendum eignum. Kristjana svaraði því að ástæðan væri fyrst og fremst sú að það væri mat sjóðsins að betra væri að fjárfesta í skrefum og nota innstreymi í sjóðinn. Það væri erfitt að sjá breytingar á mörkuðum fyrir og með því að aðlaga fjárfestingar á lengri tíma væri verið að ná fram hagstæðara meðalgengi og betri áhættudreifingu.

Að þessu loknu var ársreikningurinn tekinn til afgreiðslu og hann samþykktur samhljóða.

4 Tillaga um breytingar á samþykktum Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum og nýjum réttindatöflum. Eftirfarandi breytingartillögur eru lagðar fram til samþykktar.

12.2 Fyrirkomulag samkvæmt grein 12.1 Þetta fyrirkomulag gildir þó ekki um skilyrta inneign í séreignarsjóði sem er hluti af lágmarkstryggingavernd samkvæmt séreignarleiddinni samkvæmt samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins sem giltu fyrir 1. janúar 2006. Skilyrt inneign kemur til útborgunar 70 til 79 ára. Sjóðfélögum er þó heimilt að flýta töku skilyrtrar inneignar og lengja útborgunartímann þannig að inneignin greiðist frá 65 ára aldri til 79 ára aldurs.

12.3 Fyrirkomulag samkvæmt grein 12.1 gildir ekki um séreign sem flutt hefur verið frá öðrum vörsluaðilum með þrengrri útborgunarreglum en gilda um séreign Almenna lífeyrissjóðsins. Í þeim tilvikum gilda sömu reglur og gilda um séreignarhluta í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksþjálfsins til sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998.

18.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 60 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu 3 í 6. kafla. Sjóðfélagi sem orðinn er 70 ára getur frestað töku lífeyris og hækkað þá upphæð ellilífeyris sbr. töflu 3 í 6 kafla fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað. Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkingu mánaðalegra ellilífeyrisgreiðslna.

18.6 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfvæ ellilífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna sbr. gr. 18.5. Grein 18.1 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 70 ára aldri og um hinn frestaða hluta eftir að 70 ára aldri er náð.

18.7 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessarar greinar getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eda flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gildir ekki grein 18.1 í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal bygja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal bygja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki grein 18.1. Sjóðfélagi sem nýtir sér grein þessa telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt grein 18.5.

18.8 Samþykktabreytingar í greinum 18.1., 18.6 og 18.7 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, þó eigi fyrr en 1. september 2018.

Umræður og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla fyrir samþykktarbreytingu færi fram með handauppréttingu. Fundurinn samþykkti tillöguna. Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

5 Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára.
Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

Aðalmenn:

Hulda Rós Rúriksdóttir
Ástríður Jóhannesdóttir

Varamenn:

Pétur Þorsteinn Óskarsson

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 15. mars sl.

Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Arna Guðmundsdóttir, læknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur
Hulda Rós Rúriksdóttir, hæstaréttarlögmaður

Arna og Hulda eru því sjálfkjörnar í stjórn sjóðsins til næstu þriggja ára.

Kosning varamanna. Kjósa skal einn varamann til þriggja ára. Eftirfarandi framboð komu fram á fundinum:

Oddur Ingimarson, læknir

Oddur er því sjálfkjörin í stjórn sjóðsins til næstu þriggja ára.

Þá var komið að 6. lið á dagskrá sem er kosning endurskoðenda.

6 Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Ernst & Young ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2018.

7 Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar, kynnti tillögu um stjórnarlaun fyrir árið 2017.

Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka úr 120 þúsund krónum í 140 þúsund krónur á mánuði eða um 16,7%. Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun. Stjórnarmaður sem stóðst hæfismat FME á undanfögnu starfsári fær auk þess 2 mánaðarlaun almenns stjórnarmanns.

Laun varamanns fyrir setinn fund hækka úr 76 þúsund krónum í 90 þúsund krónur ásamt því að varamaður sem situr sem aðalmaður fær 140 .

Fundarritari bauð upp á umræður um þessa tillögu.

Kristján Davíðsson spurðist fyrir um það hvernig fjárhæðin væri fundinn út og af hverju væri greitt fyrir hæfismat.


Ólafur H. Jónsson kom í ræðupúlt og svaraði. Fjárhæðin væri miðu við vinnuframlag og stjórnarlaun í öðrum lífeyrissjóðum. Varðandi hæfismatið gerði Ólafur grein fyrir því að mikil vinna fælist í undirbúningi fyrir hæfismatið og stjórnarmenn þyrftu í sumum tilfellum að taka frá frá vinnu.

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8 Önnur mál.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 18:40.


Sng. Ólafur H. Jónsson

